



Áveitan

1. tbl. 13. árgangur. Janúar 2019

Héraðsmót í frjálsum

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára, unglíngamót HSK 15-17 ára og Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum innanhúss 2019 munu fara fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 13. janúar.

Aldursflokkamótið hefst kl 10:00 en hin mótin kl 13:00. Stefnt er á góða þátttöku frá Þjótanda, og ef næg þátttaka fæst verður farið með rútu líkt og undanfarin ár (en vonandi betri færð en á síðasta ári).

Þeir sem mæta á æfingar hjá Örvari geta skráð sig hjá honum en fyrir aðra er best að hafa samband við Guðmundu í síma 846-9775 eða á guðmunda89@gmail.com. Skráningarfrestur rennur út á miðnætti fimmtudaginn 10. janúar. **Áfram Þjótandi!**

Íþróttanefnd

Dustið rykið af dansskónum!

Árlegt hjónaball í Félagslundi verður haldið laugardagskvöldið 26. janúar 2019.

Skemmtiatriði verða í boði nefndarinnar, ljúffengur þorramatur og hljómsveitin Bandmenn mun halda uppi fjörinu fram eftir nóttu.

Miðapantanir frá 15. janúar til 22. janúar 2019:

Alma í Hraunholti – 6958526 / alma.oddsdottir@gmail.com

Hildur í Efri-Gegnishólum – 8481157

Rúna í Hólshúsum - 8683259

Sjáumst í Félagslundi!



Kveðja, nefndin!

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	801haholt@internet.is	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar í Flóahreppi og aðrir lesendur.

Þegar þetta er skrifað njótum við mildrar veðráttu sem hefur auðveldað okkur að ferðast milli staða um jól og áramót og njóta samveru með fjölskyldu og vinum.

Skötuveisla Umf. Þjótanda í Þjósárverri heppnaðist vel á Þorláksmessu og var vel sótt. Við þökkum ungmennafélögum í Þjótanda fyrir að bjóða upp á þennan viðburð sem er skemmtilegt framlag til menningarinnar í sveitinni. Þar gefst tækifæri til að hittast og spjalla við nágretta og vini og viðhalda matamenningu samfélagsins um leið. Jólasveinarnir sáust á ferðinni um Flóahrepp rétt fyrir jólin með pakka í pokunum sínum. Þeir hafa væntanlega náð góðu samkomulagi við einhverja um að lána sér bíl því svæðið er víðfeðmt og ekki hefði náðst að heimsækja alla krakkana á svo stuttum tíma ef þeir hefðu þurft að fara þetta allt gangandi þó sumir þeirra séu reyndar leggjalangir. Skrifstofa Flóahrepps var opin í tvo daga milli jóla og nýárs og sama átti við í leikskólanum Krakkaborg en nemendur og starfsfólk Flóaskóla voru í kærkomnu jólaleyfi.

Verkefnum Flóaljóss miðar hægt en örugglega áfram en ekki náðist að ljúka við annan áfanga á árinu eins og áfomað var í upphafi. Strax að loknu jólaleyfi mæta verktakarnir aftur til starfa og ekki fyrirsjáanlegar tafir vegna frosts í jörðu eins og staðan er núna. Á upphaflegu tímaplani verksins var gert ráð fyrir að taka þyrfti hlé í í allt að 4 vikur í janúar/febrúar en tíminn og veðráttan verða að leiða í ljós hvort þörf verður á að stöðva framkvæmdir eitthvað vegna veðurs eða hvort það er hægt að halda verkinu óslitið áfram. Sumarbústaðaeigendum og nýjum íbúum sem ekki hafa skilað inn umsókn um ljósleiðaratengingu er bent á að umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is.

Verkefnisstjóri framkvæmda Guðmundur Danielsson veitir allar nánari upplýsingar. GSM sími hans er 863 4106.

Í desember kom í ljós mikill raki í kjallara elsta hluta Flóaskóla. Í elsta hlutanum eru skrifstofur námsráðgjafa, skólastjóra og vinnuaðstaða kennara. Grunur var um að aðstæður hefðu áhrif á heilsu og því hafa fagaðilar verið fengnir til þess að meta aðstæður í skólahúsnæðinu öllu en beðið er eftir niðurstöðu úr sýnatökum. Samkvæmt ráðleggingum fagaðila hefur inngangi að kjallara gamla hússins verið lokað vandlega þar til niðurstöður rannsókna liggja fyrir.

Í janúar er á dagskrá námskeið fyrir sveitarstjórn og nefndarfólk sveitarfélagsins varðandi stjórnsýslu og meðferð þeirra ýmsu mála sem koma inn á borð hjá sveitarstjórn og nefndum.

Persónuverndarfulltrúi Flóahrepps Ingvi Snær hefur haldið fræðslufund með starfsmönnum Flóaskóla og sambærilegur fundur hefur verið ákveðinn með starfsmönnum Krakkaborgar í janúar.

Lögreglustjóri Suðurlands mun einnig funda með sveitarstjórn, forstöðumönnum og starfsmönnum á skrifstofu 17. janúar vegna lögreglusamþykktar fyrir Suðurland og jafnframt fara yfir helstu atriðið í almannavarnaráætlun sveitarfélagsins.

Atvinnu- og umhverfisnefndin hefur ákveðið að halda súpufund 22. janúar þar sem meðal annars verður kynnt áfangastaðaáætlun Suðurlands.

Fyrsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps á nýju ári verður haldinn í Þingborg miðvikudaginn 9. janúar klukkan 13:30. Sama dag er einnig fyrsti verkfundur vegna Flóaljóss á nýju ári.

Bestu óskir um gleðilegt nýtt ár með þökk fyrir samskiptin á nýliðnu ári.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps



UPPSKRIFTARHORNÆÐ

Takk Einar minn fyrir þetta mikla álit sem þú hefur á mér í eldhúsinu en þú ert nú bara einn um það. Einu sinni var sagt við mig að ég fyndi ekki til hungurs nema að sjá kvenmann.

Þar sem ég er áhugamaður um sauðfé í allri sinni dýrð þá læt ég fylgja með tvær uppskriftir að lambakjöti en grafna kjötið er ívið betra af fullorðnu.

Saltað læri

Þekill. Sjóða allt saman þar til allt er uppleyst.

6 l. vatn

100 g sykur

900 g gróft salt

Þekillinn látinn kólna síðan er lærið sett í hann í ca 3-4 daga eftir stærð.

Eldað við ca. 100°C í 10-12 klukkutíma. Gott bæði heitt og kalt.

Grafið kjöt

1 dl. ólívuólía

1 putti af ferskum engifer maukaður í morteli

1 heill hvítlaukur maukaður

1 flaska soyasósa

½ staukur villikrydd

2 msk jurtasalt

Blandað vel saman og kjötið látið liggja í ca. 2 sólahringa.

Fyrir ca. 1 kg af ærkjöti en hentur líka fyrir annað kjöt.

Mig langar að skora á nágranna minn og vin Bárð Magnússon í Hólshúsum, veit að hann er laghentur við það sem hann tekur sér fyrir hendur.

Brynjar Jón Stefánsson Hófgerði

Ökukennsla

Hef lokið ökukennaranámi og kenni á Toyota Corolla sem er beinskiptur díselbíll. Er byrjaður að taka við skráningu nema í ökukennslu og/eða akstursmat. Endilega hafið samband í síma 866-8737, netfangið haukuraka@gmail.com eða fésbókarsíðuna Haukur ökukennari.

Haukur Gíslason, grunnskóla- og ökukennari



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita



Móttökuritari óskast til starfa.

Laus er til umsóknar staða móttökuritara hjá Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita hefur meðal annars það hlutverk að annast lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins. Aðsetur móttökuritara er að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Byggðasamlagið þjónar sveitarfélögnum Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi.

Starfssvið :

- Símsvörun.
- Skráning og meðhöndlun skjala.
- Svörun fyrirspurna sem berast embættinu, bæði í gegnum síma og tölvupóst.
- Önnur almenn skrifstofustörf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Reynsla af skrifstofustörfum með áherslu á skjalavinnslu er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og vilji til að kynna sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar um starf móttökuritara veitir Rúnar Guðmundsson í síma 480-5550 á skrifstofutíma.

Umsóknnum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfið hentar báðum kynjum.

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2019 og berist á netfangið runar@utu.is

Flóahreppur – hreyfing, útivist og heilsa

Flóahreppur hvetur íbúa í Flóahreppi til þess að nýta sér góða aðstöðu nágranna okkar í Árborg í sundlaugum á Selfossi og Stokkseyri. Í gildi er samkomulag sveitarfélaganna um endurgjaldslausan aðgang að sundlaugum Árborgar fyrir íbúa Flóahrepps að 17 ára aldri og 67 ára og eldri.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Siðareglur og hegðunarviðmið Ungmennafélagsins Þjótanda

Þessa dagana er í gangi mikil stefnumótunarvinna hjá Ungmennafélaginu Þjótanda og erum við meðal annars búin að tileinka okkur með formlegum hætti siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ. Lesendum til fróðleiks ætlum við okkur að kynna siðareglurnar í þessu tölublaði Áveitunnar og hegðunarviðmið félagsins munu svo birtast í næstu blöðum. Þessir punktar eru holl lesning og góð áminning um það hvernig við viljum haga okkur á vettvangi ungmennafélagsins.

Siðareglur

- Komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
- Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
- Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hvers konar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
- Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenningu eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.
- Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
- Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.



Þorrablót í Þingborg 2019

Hið bráðskemmtilega þorrablót Umf. Þjótanda og Skemmtinefndar Sandvíkurhrepps verður haldið í Þingborg laugardaginn 2. febrúar nk. Húsið opnar kl. 20:00 og borðhald hefst stundvíslega kl. 20:30.

Blótið hefst með því að bornar verða fram þjóðlegar kræsingar eins og hver getur í sig látið. Þá verður slegið á léttu strengi og rifjuð upp ýmis afrek nýliðins árs. Hljómsveit Brimnes úr Vestmannaeyjum ætlar síðan að skemmta dansþyrstum fram á nótt.

Miðapantanir berist í síðasta lagi sunnudaginn 27. janúar í síma 867-3538 (Baldur Gauti) eða 848-9406 (Snædís Hjálmholti). **ATHUGIÐ:** Mjög mikilvægt er að búið sé að panta miða á réttum tíma svo nægur matur sé til handa öllum. Miðaverði verður að venju stillt í hóf.

Sækja skal pantaða miða þriðjudag 29. janúar frá kl. 19 – 21, föstudaginn 1. febrúar frá 19 - 21 eða laugardaginn 2. febrúar frá kl. 11 – 13 í Þingborg. Eða eftir nánari samkomulagi hjá þeim sem pantað er hjá.

ATHUGIÐ: Við reiknum með sama fyrirkomulagi á rútumálum og í fyrra. Það er að hægt verði að panta rútu á blótið og er það gert við miðapöntun, fyrir þetta verður rukkað sanngjarnt gjald. Og að síðan verði reglulegar rútuferðir frá Þingborg með rútu frá kl. 01:30 til kl. 03:30 og verður það innfalið í miðaverði.

Geymið auglýsinguna!



Góða skemmtun!
Þorrablótsdeild Umf. Þjótanda
Skemmtinefnd Sandvíkurhrepps

Pistillinn

Gleðilegt ár ágætu sveitungar og allir aðrir sem þetta lesa.

Nú eftir nokkrar vikur eru liðin 50 ár frá því að ég kom hingað í Flóann í fyrsta skipti. Það var, ef ég man rétt, á Öskudaginn 1969 að ég kom hingað í Kolsholt með föður mínum ásamt fleirum að skoða aðstæður. Í framhaldi af þeirri heimsókn var jörðin keypt og við fluttum alkominn í austurbæinn í Kolsholti 15. maí 1969.

Síðan þá hef ég búið hér. Ýmislegt hefur breyst á þessum 50 árum og nú er ég að verða kominn á þann aldur, að ég hef áratú fyrir því að rifja upp gamla tíma. Sumarið 1969 var bæði kalt og votviðrasamt. Heyskapur gekk illa og hefyngur lélegur. Með þess tíma verkfærum og vélum var reynt að ná heyjum langt fram á haust.

Um haustið byrjaði ég svo í Villingaholtsskóla. Skólastjórinn og eini kennarinn var hann Teddi (Theodór Kristjánsson). Teddi sá einnig um skólaaksturinn að hluta á móti Kristjáni í Forsæti (Kristján Gestsson). Það var bara ein skólstofa í skólanum og nemendur voru rúmlega 20. Þá voru 6 árgangar í skólanum sem skiptust í eldri og yngri deild.

Ég og Þórarinn bróðir minn vorum í eldri deild. Við vorum í skólanum á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Systur okkar þær EllaVeiga og Alda voru í yngri deild á þriðjudögum og fimmtudögum.

Skólaskyldan var á þessum árum 8 ár. Nýbyrjað var að keyra elstu árgangana í Gagnfræðaskólann á Selfossi til að ljúka sinni skólaskyldu. Í framhaldi af því var þá einnig möguleiki á að bæta við sig tveimur árum í skólanum og taka það sem þá hét gagnfræðapróf eða einu ári og taka s.k. landspóf og komast þá beint í Menntaskóla. En það gerðu nú bara þeir allra gáfuðustu sem ætluðu svo að taka stúdentspróf.

Síðan þá hefur ýmislegt breyst. Heyskapinn er hægt að taka á örfáum dögum, jafnvel í óþurrka sumrum eins og síðasta sumar var. Nemendur í skólanum eru nú á annað hundrað og allur grunnskólinn er í sveitinni, alls 10 árgangar.

Ég hef verið svo heppin að hafa getað fylst með hvernig þetta samfélag hefur hægt og bitandi þróast. Ég upplifi þetta sem viðstöðulausa þróun án mikilla umskipta eða kollsteyrna. Þjóðfélagið allt hefur tekið miklum breytingum á þessari hálfu öld með aukinni tækni og velsæld. Íbúar í Flóanum hafa að mínu mati verið nokkuð virkir í mótun samfélagsins hér.

Eins og um marga sveitunga mína var ég virkur félagi í ungmennafélaginu starx á unglingsaldri. Ungmennfélögin hér í sveit hafa til langs tíma verið mjög virk og verið áhrifavaldar í samfélaginu. Það sama má reyndar segja um flest félög sem hér starfa s.s. kvenfélög, búnaðarfélög, og fl. félög.

Mér persónulega finnst það hafa verið forréttindi að fá koma að þessu. Mér finnst ég hafa verið þátttakandi í þessu ferli nánast alla tíð. Fyrst sem félagsmaður og svo stjórnarmaður í ungmennafélaginu og síðan einnig búnaðarfélaginu. Einnig sem almennur íbúi og svo sem sveitastjórnarmaður um tíma.

Þetta samfélag hér í sveit er gott og mestu verðmæti þess eru virkt mannlíf sem hefur haft áhuga á samfélaginu og þróun þess. Ég bind vonir við að svo verði áfram um ókomna tíð. Til þess að svo verði þurfum við að halda áfram að nenna að taka virkan þátt í þessu með einum eða öðrum þætti.

Nú er árið 2018 runnið sitt skeið og árið 2019 tekið við. Ég óska sveitungum mínum öllum gæfu og gengis á þessu nýja ári og þakka allt samstarf og alla samferð liðinna ára. Ég veit að hjá okkur öllum skiptast á skin og skúrir á lífsins leið. Það er svipað og veðurfarið er hér í Flóanum.

Á undaförnum misserum finnst mér eins og óvenjulega mikið að alvarlegum veikindum hafi komið upp hér í sveit. Nokkrar fjölskyldur hafa skyndilega þurft að horfast í augu við gerbreyttan veruleika og að takast á við krefjandi verkefni vegna mjög alvarlegra veikinda sem upp hafa komið.

Þessum sveitungum mínum sendi ég sérstakar nýárskveðjur. Bæði þeim sem gíma við veikindin og fjölskydum þeirra. Ég á enga ósk heitari en öllu þessu fólki vegni vel á nýju ári.

Að lokum vil ég skora á núverandi húsfreyjuna í Gamla bænum í Kolsholti að skrifa næsta pistil. Bænum sem ég flutti í fyrir 50 árum. En það er hún dóttir mín Erla Björg Aðalsteinsdóttir.

Aðalsteinn Sveinsson

**Þorabrát 2019 í Þjórsárverri verður haldið laugardaginn,
16. febrúar nk. með hljómsveitinni Kókos.
Nánar auglýst síðar.
Takið daginn frá og hlökkum til að sjá ykkur!**

Flösku- og dósasöfnun hjá 10. bekk

10. bekkur í Flóaskóla verður á ferðinni nú í janúar og safnar flöskum og dósum. Áætlað er að hafa heimsótt alla bæi í sveitinni fyrir janúarlök. Ágóðinn fer í ferðasjóð bekkjarins, en krakkarnir stefna á veglega útskriftarferð í vor (innanlands þó).

Bestu kveðjur frá krökkunum í 10. bekk

Fréttir frá Krakkaborg

Í vetur hófst skipulagt útinám í Krakkaborg þar sem ráðin hefur verið sérgreinastjóri útináms. Í Krakkaborg er umhverfið á leikskólalóðinni náttúrulegt og fá nemendur tækifæri til að upplifa nátturuna bæði innan leikskólalóðarinnar og utan. Allir nemendur eldri deilda fara einu sinni í viku í skógarferð. Markmið skógarferðanna er að nemendur kynnist náttúrunni í gegnum verkefni sem lögð eru fyrir þau og með þátttöku í frjálsum leik í skóginum. Áður en haldið er í ferðirnar er farið á skógarfund. Þar er valið í hlutverk forystusauðs sem gengur fyrstur fyrir hópnum, fréttamanns sem segir fréttir að ferð lokinni og veðurfræðings sem athugar veðrið og segir börnunum hvernig best sé að klæða sig. Næst er verkefni dagsins kynnt og síðan er haldið af stað út í skóg. Verkefni dagsins lagt fyrir og síðan er frjáls leikur. Svo áður en haldið er til baka í leikskólann er ferðin rifjuð upp og fréttamaður spyr félaga sína hvað þeim fannst skemmtilegast í ferðinni. Hádegismatur er borðaður í skóginum ef veður leyfir. Í hverri viku er lagt inn orð sem tengist verkefni vikunnar. Einu sinni í mánuði er umhverfisfundur nemenda þar sem tekið er fyrir málefni sem tengjast bæði leikskólanum og umhverfismálum almennt. Útiöldun er hluti af útináminu. Markmiðið er að nemendur efla þekkingu sína og vitund á gildi og nýtingu skógarins og náttúrunnar og hvernig nýta megi náttúruna á fjölbreyttan hátt í útiöldun. Eins að nemendur fræðist um hollustu matarins, verði meðvituð um mikilvægi þess að borða hollan mat og að þeir auki orðaforða sinn með uppgötvunarnámi. Nemendur sýsla ýmislegt með kennurunum sínum í tengslum við útiöldunina, m.a. grisja og saga brotnar greinar í skóginum við

leikskólann, læra að kljúfa eldivið, búa til uppkveikjuefni, læra að fara eftir uppskiftum og vikta og mæla það hráefni sem í þær fer og nýta náttúruna til matargerðar. Starfsfólk sem ekki tekur þátt í útikennslu nýtur stundum góðs af þegar eldaðir eru riflegir skammtar. Sem dæmi má nefna dýrindis rabbarbaragraut í haust.

Eins og lög gera ráð fyrir með allt starf leikskólans tengist útinám námsþættum í aðalnámskrá leikskóla. Hér eru námsþættirnir feitletraðir til glöggvunar.

Læsi og samskipti Með þátttöku sinni í verkefninu öðlast nemendur tækifæri til þess að læra að lesa í nærumhverfið. Þeir auka orðaforða sinn með því að upplifa náttúruna og í samskiptum sínum við börn og fullorðna og með því að deila skoðunum sínum og hugmyndum.

Heilbrigði og vellíðan Úti í náttúrunni fá nemendur tækifæri til að hreyfa sig í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi sem gefur þeim tækifæri til þess að takast á við nýjar áskoranir og aðstæður. Nemendur læra um hollustu matar og hvað hægt er að nýta úr náttúrunni til matargerðar.

Sjálfbærni og vísindi Nemendur fá tækifæri til þess að læra um nýtingu náttúrunnar. Þeir læra að bera virðingu fyrir henni og hvaða tilgangi hún þjónar í samfélaginu í heild sinni með því að fá ýta undir forvitni þeirra og vekja þá til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Nemendur læra um eðli og eiginleika ýmissa krafta og efna með því að umgangast og nota eld til matargerðar. Þeir kynnast stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að fara eftir uppskriftum.

Sköpun og menning. Með þátttöku í útieldun fá nemendur að nálgast viðfangsefnið frá mörgum hliðum og kanna og vinna með margvíslegan efnivið ásamt því að kynnast nýjum aðferðum í matargerð. Með umræðum og opnum spurningum geta opnast nýjar leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.

Bestu jóla- og nýárskveðjur,
nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Aðalfundur Umf. Þjótanda

Mánudagskvöldið 4. febrúar kl 20:00 mun aðalfundur Ungmennafélagsins Þjótanda fara fram í Þingborg. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Setning og kosning starfsmanna fundarins
2. Inntaka nýrra félaga
3. Skýrsla stjórnar
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga
5. Skýrslur nefnda
6. Umræður um skýrslur, afgreiðsla reikninga
7. Lagðar fram tillögur
8. Fundarhlé
9. Verðlaunaafhendingar
10. Afgreiðsla tillagna
11. Kosningar
12. Önnur mál

Allir félagar, ungir sem aldnir eru hvattir til þess að koma á fundinn. Hvort sem er til að koma skoðunum sínum á framfæri eða bara til þess að fylgjast með. Á aðalfundi hafa 12 ára og eldri atkvæðisrétt svo við hvetjum unga fólkið sérstaklega til þess að koma og prófa að taka þátt í að móta félagsstarfið. Við leitum jafnframt að nýju fólki til að taka sæti í stjórn félagsins og er áhugasömum bent á að senda póst á gudmunda89@gmail.com ef þeir hafa áhuga á að ganga inn í stjórn. Stjórnarseta er góð skemmtun og frábær vettvangur til að hafa áhrif á lífið í sveitarfélaginu okkar.

Stjórnin

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	8. janúar
Æfingar í Þingborg	9. janúar
HSK mót í Kaplakrika	13. janúar
Glímuæfing	15. janúar
Æfingar í Þingborg	16. janúar
Glímuæfing	22. janúar
Æfingar í Þingborg	23. janúar
Hjónaball í Félagslundi	26. janúar
Glímuæfing	29. janúar
Æfingar í Þingborg	30. janúar
Þorrablót í Þingborg	2. febrúar
Aðalfundur Umf. Þjótanda	4. febrúar